

Sumarlök

Ég lýk þá þessum pistlaskrifum, í bili að minnsta kosti, enda sumrinu lokið. Þetta var gert í tilraunaskyni og mér finnst tilraunin lofa góðu. Spjallið gefur mikla möguleika, en kannski þyrfti að “kenna” ýmsum af eldri kynslóðinni betur á græjuna. Ég hef það á tilfinningunni að margir leggi ekki í Spjallið af tæknilegum ástæðum (ég þurfti alla vega tilsögn).

Með spilakveðju

GPA

Sagnþraut 9 - svör

SUÐUR

♠ K4
♥ D8643
♦ G98
♣ Á53

Spjallsvör

4 ♥ = 3
3 ♦ = 1
3 ♥ = 1

Austur gefur. NS á hættu. Sveitakeppni.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	Pass
1 ♠	Dobl	2 ♠	???

Sveinn Rúnar Eiríksson: 4♥. Það gæti verið nóg að fá spaða út til að vinna fjögur hjörtu. Þá gætu AV hæglega ákveðið að fara í fjóra spaða.

Snorri Karlsson: 3♦. Í þessari stöðu spila ég *Rubensohl-yfirfærslur* og melda því 3♦ = *áskorun eða betra með hjarta*. En ef engin fínheit eru í boði þá vel ég 4♥.

Ómar Olgeirsson: 4♥. *Gametry = Bid the game and try to make it*. Ég nota líka *Rubensohl* í þessari stöðu, en hér vill maður fyrir alla muni hafa samninginn í sína hendi; vestur er í klemmu með útsplið og því ekki sjálfgefið að svona kóngar séu dauðir. Sennilegt að andstaðan fari í fjóra spaða á þessum hættum.

Sveinn Rúnar (aftur). Ég hef líka spilað *Rubensohl* og fundist það fínt. En eitt skil ég ekki ef 3♦ er áskorun eða betra: hvernig fer maður að því að komast í 3♥ þegar maður vill berjast um bítinn?

Stefán Jónsson: 4♥. Myndi vilja melda 3.5♥. En það sem það er ekki í boði, þá vel ég að stökkva í 4♥. Ég er ekkert endilega viss um að ég vinni þau, en ég þarf þá a.m.k. ekki að engjast yfir 3♠.

Snorri (aftur). Sæll Svenni. Í þessari stöðu spila ég 3♥ sem baráttu um bítinn. Ég meðhöndla 3♥ á sama hátt og 2♠ eftir 1♥-x-2♥- þar sem 2♠ hér eru barátta.

Almennt í þessum stöðum þá eru það þrjár týpur af höndum sem maður vill melda á:

- Veik skiptingarspil.
- Áskorunarspil.
- GK spil.

Þeir sem spila *Lebensohl* leysa hendur (a) og (b) en eiga í erfiðleikum með GK hendur. Í *Rubensohl* leysir maður (b) og (c), en getur þurfti að passa með veik skiptingarspil sem mann langar kannski að melda á (þá oftast í lágglit, sbr. aðferðina hér að ofan).

Að mínu mati er miklu gagnlegra að nota *Rubensohl* í óþvinguðum stöðum. Í fyrsta lagi þá er sögnum ekki lokið þó við segjum pass. Líkurnar á að makker geti meldað aftur hafa hinsvegar aukist. Í öðru lagi þá tel ég mikilvægara að nota rýmið til að leita að besta geiminu frekar en að berjast um bítinn með slök pil.

Sveinn Rúnar (enn aftur). Ástæðan fyrir að ég spurði var sú að ég spilaði *Rubensohl* svona hér áður fyrr, en hætti því vegna þess að það var of erfitt að passa með spil sem ég vildi berjast með ...

Sigurður Vilhjálmsson: 3♥. Þykir það hæfileg melding. Þetta eru hál asin spil og ef makker getur ekki hækkað í fjögur gæti verið nógu erfitt að ná í nú 9 slagi.

Sagnþraut 9 - frh

A/NS	NORÐUR	
	♠ 97	
	♥ Á97	
	♦ ÁD742	
	♣ KD7	
VESTUR		AUSTUR
♠ ÁD8532		♠ G106
♥ K102		♥ G5
♦ K		♦ 10653
♣ G98		♣ 10642
	SUÐUR	
	♠ K4	
	♥ D8643	
	♦ G98	
	♣ Á53	

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Hrólfur	Porlákur	Ásgeir
-	-	Pass	Pass
1 ♠	Dobl	2 ♠	3 ♥
3 ♠	Allir pass		

Niðurstaða: Einn niður, 50 í NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Sveinn	Bessi	Hrannar	Bjarni
-	-	Pass	Pass
1 ♠	Dobl	2 ♠	4 ♥
4 ♠	Dobl	Allir pass	

Niðurstaða: Tveir niður, 300 í NS

Spilið er frá **Bikarúrslitaleik** Eyktar & Grants Thorntons. Eins og sést, þá vinnast 4♥, þannig að fórnin í 4♠ er góð - 300 út í staðinn fyrir 620.

(Það má taka 4♠ þrjá niður með laufi eða tígulás út, en sú vörn er ekki sjálfsögð).

Guðm. Páll Arnarson: 4♥. Í stöðum sem þessum er hollt að gera sér grein fyrir hvaða **KRÖFUR** maður eigi að gera. Það er að segja, hvað *vinnst* í spilinu? Miðað við þau opnunardobl sem ég er vanur, þá myndi ég reikna með að standa 4♥ í 50% tilvika. Ennfremur: ef AV eru með 9-spilafitt í spaða, þá býst ég fastlega við að þeir berjist í þrjá eða fjóra spaða eftir þörfum. Mér finnst líklegt að þeir taki 8 slagi í sínu spili.*

Af þessu leiðir sú útkoma að NS eigi HEIMTINGU á tæplega 300-kalli.

Það reiknast þannig: Ef 4♥ vinnast í 50% tilvika, þá gefur það að meðaltali 260 (þ.e. helminginn af plús 620 og mínus 100). Og fórnin NS í 4♠ ætti það að skila 300.

Suður á þess vegna ekki að setta sig við neitt minna en 300. Ef suður segir 3♥ (til að spila þann bít eða gefa samninginn eftir í 3♠), þá er hann að setta sig við: 140-170 í 3♥ eða 50 í 3♠ (því varla doblar hann þrjá spaða). Það gefur honum að jafnaði eitthvað í kringum 100-kallinn, sem er allt of lítið í spili þar sem hann á tilkall til að fá 300.

 * Þessi tilfinning mín er í takti við lögmálið margfræga um samræmið milli heildarfjölda slaga og trompa. Segjum að við makker séum í 9-spila-hjartafitti og fáum 10 slagi. Þá eiga AV að fá 8 slagi í sínu 9-spila-spaðafitti. **Lögmálið segir að heildarfjöldi slaga í báðar áttir sé jafn heildarfjöldi trompa beggja hliða í lengsta lit.** Slagirnir væru þá 10+8, en litirnir 9+9. Svona í grófum dráttum.

Varnarþaut 1

NORÐUR

♠ DG96

♥ 8

♦ 873

♣ ÁDG84

VESTUR

♠ 75

♥ ÁKD103

♦ Á106

♣ 973

AUSTUR

(1) ♥2

(2) ♥G

(3) ♥5

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♠
2 ♥	4 ♠	Allir pass	

GPA: Ég biðst velvirðingar á smávegis hundaólógík í uppsetningu þrautarinnar á Spjallinu (ruglingi með smáspilin), þar sem hjartatvisturinn og fimman virtust eiga sér tvo staði. Aron gerir sér mat úr þessari ónákvæmni.

En viðfangsefnið er þetta:

Hvað á vestur að gera í öðrum slag ...

(1) ef austur fylgir með **tvisti** (lágu spili)?

(2) ef austur fylgir með **gosa** (háu spili)?

(3) ef austur fylgir með **fimmu** (miðspili)?

Innifalið í þessum spurningum er auðvitað **lykilspurningin:** Hvað þýðir hjartafylgjan yfirhöfuð í stöðunni?

Spjallarar

Aron Þorfinnsson: Hér á Vesturgötunni er þetta spilað þannig:

(1) Lág spil eru köll og tvistur skipast í þann okk og biður makker um að svissa **ekki** nema þá í tromp - sem ég geri hér nema ég sé í miklu grínstuði og spili honum sjálfur! (þ.e. hjartatvistinum)

(2) Há spil eru frávísun og þýða að makker **vill** sviss í þann lit sem er “augljósa svissið” sem er tígull hér.

(3) Setji blindur ekki fimmuna heldur makker, og það hefði mátt túlka sem millispil, er það kall í laufi.

Ómar Olgeirsson: Í Landmannahelli er þetta spilað þannig:

(1) Lágt spil biður um lægsta lit.

(2) Hátt spil biður um hæsta lit.

(3) Millispil biður um litinn áfram eða tromp.

(1) Makker setur lágt. Annað hvort á hann laufkóng eða vill alla vega ekki fá tígul. Er kannski með tíguldrottningu eða gosann.

(2) Makker setur hátt. Hann vill fyrir alla muni tígul og á því kónginn.

(3) Millispil, loðið spil. Er kannski með eitthvað í tígli, drottningu eða gosann.

Ekki ber að taka hliðarköll sem “skipanir” heldur vísbendingar um spilið í heild.

Í þessu spili myndi ég **alltaf spila litlum tígli**, því það dugar oft að makker eigi gosann, og augljóslega getur hann ekki kallað í tígli í neinu tilfelli nema með kónginn. Hann kallar heldur ekki í tígli með drottninguna, en millispil er ákveðin vísbending um hana. Tapa helst á því að spila tígli ef makker á DG í tígli, en ef sagnhafi er með K Dx eð KGx, þá er ég að græða.

Sé fyrir mér þessar samræður eftir spilið:

“Þú þurftir að spila tígli, það hefði verið ott.”

“Já, en þú kallaðir í laufi.”

“Já, átti ég að kalla í tígli með gosann? Þú hefðir nú stundum sagt eitthvað ef ég kvel þig til að spila háspili upp í svíningu.”

Varnarþaut 1 - frh.

Július Sigurjónsson: Mér er alveg sama hvað makker lætur í, ég spila alltaf litlum tígli. Makker þarf bara að eiga tígulgosann og annað hvort spaðaás eða laufkóng.

Snorri Karlsson: Ég veit svo sem ekki hvernig þetta er spilað í Stokkhólmi, en ég hef aðallega spilað hliðarkall í þessari stöðu. Ég hef þó einnig spilað “hið augljósa sviss” og líkað það ágætlega. Það skiptir þó ekki máli hvaða aðferðir maður notar, heldur hvernig maður beitir þeim. Það sem ég á við er hvort markmiðið er *passíft*, þ.e. að upplýsa makker hvar styrkurinn liggur, eða er markmiðið *aktíft*, þ.e. að óska eftir því framhaldi sem lítur best út frá bæjardyrum þess sem gefur kallið.

Ég tel að maður eigi að lýsa yfir ósk um framhald, en ekki að sýna passíft hvar styrkurinn liggur. Í mörgum tilfellum kemur það út á eitt hvora nálgunina menn kjósa. En í þessu spili þá er rétt að spila laufi þegar makker getur fengið stungu þar, t.d. þegar hann á einspil og spaðaás. Það skiptir því öllu máli að makker kalli ekki í laufi með laufkóng því það getur aldrei verið rétt að spila laufi í því tilfelli.

Ég spila því laufi þegar makker setur lágt hjarta. En tígli þegar makker kallar í tígli með háu eða setur millispil. Ef makker setur millispil þá spila ég einfaldlega upp á að hann eigi laufkóng eða spaðaás og a.m.k. tígulgosa.

Sveinn Rúnar Eiríksson: Ég lærði það jótlega eftir að ég fór að spila bridge að maður ætti að spila hliðarköll þegar einspil væri í blindum hvar sem maður væri staddur í heiminum!! Granovetter kom þó með nýtt innlegg í þessa stöðu þegar hann

fræddi heiminn um teóríuna um “obvious switch”. Báðar þessar aðferðir virka hér, en kannski er best að hugsa aðeins um að *makker horfir á tígulsviss* í næsta slag, ekki satt?

Ef makker á mikinn styrk í tígli, eins og til dæmis ♦KD, þá kallar hann í tígli (hátt spil samkvæmt mínum aðferðum), en ef hann kallar ekki í tígli, þá er hann að reyna að forða tígulsvissi, eða hann treystir okkur til að spila tígli ef það er rétt.

Mér finnst ekki líklegt að makker eigi einspil í laufi, því þá á hann minnst 10 rauð spil og hann sagði jú pass. Þá er bara eftir að hugsa um hvað hann gerir með laufið kengstoppað fyrir aftan.

Því spila ég trompi ef hann lætur lægsta hjarta, en tígli ef hann lætur hæsta. Ef hann lætur millihjartað, þá reikna ég með að hann vilji láta mig ráða framhaldinu og þá spila ég tígli og vona það besta. Tek það á mig ef hann á innkomu á spaða/lauf og DG í tígli.

GPA: Að svo mæltu, hvaða spil á austur að láta í hjartaásinn ... ?

	NORÐUR	
	♠ DG96	
	♥ 8	
	♦ 873	
	♣ ÁDG84	
VESTUR		AUSTUR
♠ 75		♠ 42
♥ ÁKD103		♥ G652
♦ Á106		♦ G952
♣ 973		♣ K52
	SUÐUR	
	♠ ÁK1083	
	♥ 974	
	♦ KD4	
	♣ 106	

Teiknaðu upp spil sagnhafa

Þú ert í **vestur** ...

NORÐUR

♠ 852

♥ G6

♦ K6532

♣ 865

VESTUR

♠ KG96

♥ K7

♦ G94

♣ D942

AUSTUR

♠

♥

♦

♣

SUÐUR

♠

♥

♦

♣

Þú spilar út ♠6 gegn **PREMUR GRÖNDUM** suðurs. Austur tekur með ♠Á og spilar litnum til baka. **Sagnhafi reynist eiga ♠Dxx og þú tekur alla spaðaslagina.** Sagnhafi vinnur síðan sitt spil og þú sérð ástæðu til að óska honum til hamingju með góða spilamennsku: “Glæsilega spilað,” segir þú og bætir við: “Við gátum ekkert gert, makker, er það nokkuð?” “Jú, reyndar,” svarar makker þinn í austur. “**Þú máttir ekki taka þrettánda spaðann** - þú hefðir mátt spila **hvaða spili** sem er öðru en síðasta spaðanum, þá hefði sagnhafi farið einn niður.”

Það er ekkert annað!

En nú kemur **þrautin** (og hún er smíðuð af **Terence Reese** árið 1950): Ef gert er ráð fyrir því að austur hafi rétt fyrir sér ...

Hvernig líta spil suðurs út?

Svar við teikniþraut

Þú ert í **vestur** ...

NORÐUR

♠ 852
♥ G6
♦ K6532
♣ 865

VESTUR

♠ KG96
♥ K7
♦ G94
♣ D942

AUSTUR

♠ Á43
♥ 10985432
♦ 10
♣ G10

SUÐUR

♠ D107
♥ ÁD
♦ ÁD87
♣ ÁK73

“... þú hefur mátt spila **hvaða spili** sem er öðru en síðasta spaðanum, þá hefur sagnhafi farið einn niður,” segir makker. **Hvernig líta þá spil suðurs út?**

Síðasti spaðinn gefur sagnhafa færi á að henda tígulhundi heima og **hreinsa þannig stí una** í litnum. Ennfremur myndast réttur taktur fyrir **þvingun á vestur í hjarta og laufi**. Sagnhafi hendir ♦7 í síðasta spaðann, tekur svo ♥Á og tíglana og þvingar vestur með hjartakóng og lau engdina (Vínarbragð, þar sem ♥G er hótun í borði, en ♣7 heima).

Hönd suðurs hlýtur að vera **NÁKVÆMLEGA** eins og sýnt er að ofan (upp á pippa) til að það sé rétt athugað hjá austri að vestur megi spila hvaða spili sem er nema þrettánda spaðanum. Skoðum málið:

Tígullinn getur ekki verið ÁD108 eða ÁD107, því þá myndi vestur gefa samninginn með því að spila tígli.

Og hjartað hlýtur að vera ÁD tvíspil, því eigi suður ÁDx þá gefur hjartakóngur frá vestri samninginn.

En laufið? Ef suður ætti svo gott sem ÁK10x, þá myndi ♣D gefa spilið. Svo að þrautin gengur **upp - upp** á pippa.

Reese var enginn asni.